

Norrænir lækningar ræða öryggi sjúklinga

TVISVAR Á ÁRI HITTIST STJÓRN NORRÆNA LÆKNA-
ráðsins til skiptis á Norðurlöndum og í byrjun febrúar
var röðin komin að Íslandi. Í stjórninni sitja formenn
læknafélaganna fimm eða staðgenglar þeirra ásamt
framkvæmdastjórum og/eða öðrum starfsmönnum.
Formennskan færast milli landa og um þessar mundir
eru Norðmenn í forsæti.

Svo vill til að í Noregi hafa orðið töluverð um-
skipti í forystu lækna. Um áramótin tók nýr maður
við sem forseti norsku læknaamtakanna, *Hans
Kristian Bakke*, og með honum í för voru tveir nýir
menn, þeir *Åsmund Hodne* framkvæmdastjóri og
Magne Nylenna sem gegndi starfi ritstjóra norska
læknaþáðsins fram til síðustu áramóta þegar hann
færði sig yfir í stól aðalritara. Læknaþáðið hitti Hans
Kristian Bakke að máli og innti hann eftir því um
hvað fundurinn í Þjóðmenningarhúsinu hefði snúist.

„Á þessum fundum er fjallað um sameiginleg mál-
efni norrænna lækna og að vanda var rætt um sam-
starf okkar á vettvangi Alþjóðafélags lækna og
Evrópusamtaka lækna. En það sem tók mestan tíma
var að undirbúa fund Norræna læknaáráðsins sem
haldinn verður í Björgvin dagana 21.-23. maí næst-
komandi,“ sagði Hans.

Hann sagði að á fundum ráðsins væri rætt um ýmis
mál en að þessu sinni verður meginefni fundarins
öryggi sjúklinga. „Það verður rætt um kerfi sem eiga
að tryggja gæði meðferðar, um óhöpp sem hent geta
sjúklinga og um lækna sem ekki standa sig í starfi. Þá
verður einnig fjallað um fjármögnun og uppbyggingu
heilbrigðiskerfisins, eignarhald og annað sem haft
getur áhrif á öryggi og velferð sjúklinga,“ sagði
norski formaðurinn.

Hann sagði að norrænir lækningar ættu marga sam-
eiginlegt þótt vissulega væri uppbygging og skipulag
heilbrigðisþjónustu með mismunandi hætti í löndun-
um. „Í Noregi erum við til dæmis mjög upptekin af
því að koma á nýju kerfi í þjónustu heimilislækna,
svonefndu „fastlegesystem“ sem gerir ráð fyrir því að
hver sjúklingur hafi fastan lækni sem fylgist með hon-
um hvar svo sem hann er staddur í heilbrigðiskerfinu.
Þetta kerfi tókum við upp að danski fyrirmynd en
Danir og raunar ýmsar aðrar þjóðir hafa aðhyllt
þetta skipulag um langt árabíl. Þarna sést hins vegar
vel hve ólík Norðurlönd geta verið því í Svíþjóð eru
flestir lækningar starfsmenn sveitarfélaga eða léna en á
Íslandi er blanda af einkarekstri og opinberum og allt
kerfið miklu opnara,“ sagði Hans.

Hann bætti því við að vissulega gætu lækningar á



Norðurlöndum lært ýmislegt af íslenskum kollegum
og tók sem dæmi miðlagan gagnagrunn á heilbrigðis-
sviði. „Það er mjög forvitnilegt fyrir okkur að fylgjast
með gangi þess máls hér á landi því þetta er ákaflega
mikilvægt hagsmunamál sem snertir okkur ekki síður
en ykkur,“ sagði Hans Kristian Bakke að lokum. —PH

*Hans Kristian Bakke
formaður norska lækna-
félagsins og stjórnarfor-
maður Norræna lækna-
ráðsins.*

Formannaráðstefna Læknafélags Íslands

Boðað er til formannafundar skv. 9. grein laga Læknafélags Íslands föstudag-
inn 12. apríl 2002 í húsnæði læknaamtakanna að Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Dagskrá:

10:00-12:30 Skýrsla formanns LÍ um afgreiðslu ályktana aðalfundar 2001, störf
stjórnar og stöðu helstu mála. Skýrslur formanna aðildarfélaga,
samninganefnda og helstu starfsnefnda eftir atvikum.

12:30-13:30 Matarhlé

13:30-15:00 1. *Lækningar í vanda. Heilbrigðiseftirlit með læknum*

Frummælendur: Landlæknir og Kristinn Tómasson yfirlæknir
Vinnueftirlits ríkisins

2. *Upplýsingar – auglýsingar á tölvuöld*

Frummælandi: Einar Oddsson, formaður Siðfræðiráðs LÍ

3. *Skipulagsmál læknaamtakanna, stéttarfélag/félög lækna*

Frummælandi: Sigurbjörn Sveinsson, formaður LÍ
Umræður

15:00-15:30 Kaffihlé

15:30-17:00 Áframhald umræðna

Önnur mál

Fundarlok verða að heimili formanns, Hæðarseli 28, Reykjavík.